



471.fundur Þingvallanefndar
13.maí 2020
klukkan 11:30
Skrifstofa Þingvallanefndar
Austurstræti 12

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Guðmundur Andri Thorsson, Karl Gauti Hjaltason og Páll Magnússon. Líneik Anna Sævarsdóttir og Hanna Katrín Friðriksson boða forföll. Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg staða þjóðgarðsins

Þjóðgarðsvörður kynnir fyrir nefndinni fjárhagslega stöðu þjóðgarðsins í dag. Fjallaði um fund í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (UAR) þar sem fjallað var um nýja tillögu að rekstraráætlun þjóðgarðsins sem send var þeim til rýnis. UAR gerði athugasemdir við kostnað vegna verslunarhluta rekstursins og bað um endurskoðun rekstraráætlunar með breyttum áherslum í starfsmannahaldi. Þjóðgarðsvörður setti fram nýja sviðsmynd um breytingar í starfsmannahaldi og útvistun á verslunarrekstri í þjóðgarðinum í kjölfarið.

Umræða og almennur vilji meðal Þingvallanefndar að skoða útvistun á rekstri verslana. Farið yfir annan kostnað við starfsemina og launakostnað. Þjóðgarðsvörður upplýsir m.a. að samningi við HSU um sjúkraflutningamann innan þjóðgarðsins hefur verið sagt upp.

Samþykkt að formaður og þjóðgarðsvörður setji saman formlegt erindi með kröfum um fjármagn til rekstrarins fyrir árið 2020 og óski eftir fundi í UAR hið fyrsta.

2. 90 ára afmæli.

Þjóðgarðsvörður kynnir að allar áætlanir um viðburði hafi verið settar til hliðar vegna fjármagnsskorts og óvissu með samkomuhald og fjöldatakmarkanir. Þingvallanefnd hvetur til að setja upp áætlun um viðburði sem hægt væri að fara í þegar afléttingu fjarlægðarmarka hefst.

Önnur mál.

Fundi slitið